

September – Septem

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er mikil og merk sýning, sem þessar vikurnar er uppi á Kjarvalsstöðum og er úttekt á Septembersýningum svonefnda, sem starfaði frá 1947-52 og framhaldi hans Septem, sem nú lýkur starfsemi sinni er hófst 1974.

Septembersýningarnar urðu aldrei fleiri en fjórar, enda var undiraldan eftir í hópnum, en hins vegar tókst Valtý Péturssyni með hörku sinni og dugnaði að gera sýningar Septem-hópsins að árvissum viðburði.

Síðasta sýningin 1988 var helguð Valtý og sýningin í ár er hin síðasta, enda virðist vanta drifkraftinn í hópinn eftir að hann féll frá sbr. að engin sýning var haldin á sl. ári.

Segja má, að Septembersýningarnar hafi átt það sammerkt með hinum nafnkennða Cobra listhóp að starfa stutt, en hafa þeim mun meiri áhrif og vekja meira umtal og athygli, en andstætt við Cobra hópinn þá héldu þeir ekki áfram að þróa og dýpka myndmál sitt, heldur breytt-

ist list þeirra flestra í takt við nýja strauma að utan.

Ástæðuna má í senn telja einangrunina og svo, að þróun þeirra var á annan veg, átti ekki jafn djúpar rætur í hefðinni og því var niðurrif fyrri gilda með nokkuð öðrum hætti.

Hvað Cobra meðlimina snerti, þá breyttist myndmál þeirra furðulítið í tímans rás og ganga margir ennþá út frá upprunalegum grímuförum svo og frjálslægri mótun forma í ætt við list barna og frumstæðra.

Enginn talar þó um endurtekingar í skrifum sínum um list þeirra, enda er ekki um slíkt að ræða, heldur þróun ákveðinna hugmynda og myndstíls.

Greinarhöfundur fylgdist með öllum Septembersýningunum í gamla daga og hefur fjallað um allar fimmtán undangengnar Septem-sýningar hér í blaðinu, nema að hann hafi einhvern tímann verið í útlandinu, er þær bar að, svo að hann ætti að vera vel kunnur þessum listamönnum. Jafnframt fylgdist hann grannt með þróuninni hjá samherjum þeirra í Kaup-

mannahöfn á námsárum sínum 1950-52, en þá voru þessi viðhorf í miklum blóma þar í borg, þótt langt væri í það, að þau hefðu hlotið viðurkenningu. Skoðaði t.d. allar sýningar í Trefoldigheden, sem var skáli abstraktmálaranna í nágrenni Oslo Plads og Nyboderne.

Líti maður svo til baka, þá voru þetta merkileg ár, mikilla sviptinga og gerjunar, en því skal ekki neitað, að mikil harka var í mönnum og á tímabili einsýni, sem á ekki skylt við neitt annað en svörtustu fhaldsemi. Það á amk. ekkert skylt við frjálslýndi, eins og glögg hefur komið fram í Austur-Evrópu á síðustu mánuðum, að halda fram einni stefnu fram yfir allar aðrar og gera það af ósveigjanleika og óvilginni.

Septembarmenn og abstraktmálarar útlandsins lentu því seinna ekki síður í andstöðu við nýjar hræringar en fyrirrennarar þeirra og voru jafnvel á stundum ennþá harðari í dómun sínum um framúrsteftulistar dagsins en þeir.

Menn mega vera minnugir þess, að gerð var hörd ómerkingarhrif að Septem-sýningunum af seinni tíma núlístimönnum og handbendum þeirra.

En engin ein gild stefna í listum er annarri æðri eins og fram hefur komið, og fyrri tíma óhlutlægir málarar hafa flestir ræktað sinn garð á bak við tjöldin, hvað sem því leið sem var efst á baugi í háborgum listanna. Það eru og einmitt þeir, sem eru svo áberandi og nafnkennir í dag eftir að hafa verið í skugga hugmyndafræði svonefndra nýlísta um langt skeið.



Gríma – Verk eftir Valtý Pétursson.

Allt þetta er mikilvægt að athuga við skoðun sýningarinnar að Kjarvalsstöðum, því að fram kemur einmitt að flestir meðlima samtakanna fara mjög að dýpka listrænan þroska sinn, er þeir taka upp samfelld vinnubrögð og hætta að elta við nýjungarnar að utan, gerast fhaldsamir, en á þann veg að það losar einmitt um athafnafrelsi þeirra á myndfletinum og almennan tjákræft.

Allir, sem með myndlist fylgjast hérlandis, vita hve hart var deilt á Septembersýningarnar í gamla daga og aðra þá sem aðhylltust sértæka listtúlkun. En það merkilega við þetta er að sjaldnast var mögulegt að nefna þessa menn hreina abstrakt-málarar, því að þeir studdust mjög við þekktanleg fyrirbæri úr hlutveruleikanum. En meðferð þeirra á viðfangsefninu var önnur og óhlutlægari en áður hafði sést hér á landi og í því fólst umbyltingin.

Sértæku málverkin lutu þó fyrir margt sömu fagurfræðilegu lögmálum og þau hlutlægu hvað uppbyggingu forma og lita snerti svo og myndrænt innsæi. Þannig eru mörg óhlutlæg málverk mun markvissari í byggingu en þau hlutlægu og á það bæði við um strangflatalistina (geometríuna) og byggingafræðilegu listina (konstruktivismann).

Löngu hefur komið fram, að deilurnar voru um margt á misskilningi byggðar, enda var almennur hugsunarháttur stærra atriði en myndræn lögmál og þannig voru sumir málaranir jafnvígir á óhlutlæga list sem hlutlæga sbr. Picasso, Picabia, Hélio o.fl.

En satt að segja voru talsmenn beggja jafn ósveigjanlegir og töldu þá svikara sem brugðu út af „réttir

stefnu“ og þannig voru þessir þrír litnir hornauga af mörgum hreintrúarsinum og jafnvel fordæmdir og þá vel að merkja fyrir myndrænt frjálslýndi sitt!

Þessar stríðandi fylkingar eiga þannig í ljósi þróunarinnar meira sameiginlegt en þeim hefði nokkurn tíma dottið í hug eða viljað viðurkenna.


Þannig er rökfræði tímans eins konar æðsti dómstóll, hæstiréttur og staðfestir vissulega þann forna framslátt, að tíminn einn sker úr um gildi listaverka.

Einkennandi var vissa ýmissa um óskeikulleika og gildi hins nýja svo að jaðraði við sértrúarbrögð, og að hið eldra skyldi brennt og allra helst sprengt í loft upp! Einsýnin var svo mikil, að t.d. hinn mikli danski myndhöggvari Robert Jacobsen, sem dvaldi hafði í París í 15 ár, ákvað þá fyrst fimmtugur að aldri (1960) að skoða Louvresafnið með vini sínum franska málaranum og rökfræðingnum Jean Deyrolle, en sá hafði mun meiri skilning á þeirri list fortíðarinnar, sem það safn hefur að geyma.

Það eitt segir heilmargt um hugsunarhátt tímanna.

Hið mikilvægasta við þessa úttekt að Kjarvalsstöðum er kannski ekki sýningin sjálf heldur hvernig búið er að henni, en gefin hefur verið út vegleg sýningarskrá, ríkulega myndskreytt og með ýmsum heimildum um fortíðina. Mun það vera gert með fulltingi Menningar-málanefndar Reykjavíkurborgar, sem þar hefur unnið gott og nyt-samt verk, því að satt að segja eru heimildir um hinar 15 sýningar Septem-hópsins harla litlar vegna hve lítið var hugað að því atriði. Hins vegar voru sýningarskrár Septembersýninganna forðum

SKRIFSTOFUTÆKNI



Skrifstofutækni er markvisst nám þar sem þú lærir tölvugreinar, viðskiptagreinar og tungumál í skemmtilegum félagsskap. Sérstök áhersla er lögð á notkun tölvu í atvinnulífinu. Námið tekur 3-4 mánuði og að því loknu útskrifast nemendur sem skrifstofutækna.

Vandað nám og námsgögn sem hafa verið að þróast síðastliðin 4 ár. Reyndir leiðbeinendur. Sjón er sögu ríkari. Komdu til okkar í Borgartún 28 og líttu á aðstöðuna og námsgögnin eða hringdu í síma 687590 og fáðu sendan bækling.

Innritun er hafin.



**TÖLVUSKÓLI REYKJAVÍKUR
BORGARTÚNI 28 S:687590**



**Arna Borg
ritari forstjóra
á Hrafnistu:**

Ég hafði áhuga á að kynna og læra að nota PC-tölvur. Fjölbreytni skrifstofutækinnar rétti því að ég settist á skólabeck hjá Tölvuskóla Reykjavíkur og svo leist mér ljómandi vel á skólann. Námið var allt hið gagnlegasta og mjög gaman að setjast aftur á skólabeck.



**Soffía
Valdimarsdóttir:**

Skrifstofutækni Tölvuskóla Reykjavíkur er stutt hagnýtt nám sem ég hafði bæði gagn og gaman af. Það sem kom mér einna mest á óvart var hvað það er skemmtilegt að læra á tölvur. Hópurinn var líka mjög samstilltur og skemmtilegur.

Undirbúningur að borgaralegri fermingu

Á HAUSTI komanda hefst undirbúningur að borgaralegri fermingu í þriðja sinn. Alls hafa 26 ungmenni verið fermd síðastliðna tvo vetur og nokkru fleiri sótt námskeiðin. Ráðgert er að hefja starfið nú með ferðalagi í einn til tvo daga.

Síðan tekur við námskeið með svipuðu sinni og verið hefur. Er það einu sinni í viku í um 15 skipti og verða eftirtalin efni rædd m.a.: Síðfræði, lífsskoðanir, samskipti foreldra og unglunga, réttur unglunga í samfélaginu, jafnrétti, mannréttindi, samskipti kynjanna, friðarmál, umhverfismál og vímu-efni.

Lögð er áhersla á að fá sem hæfasta fyrirlesara um þessi efni. Jafnframt er hvatt til skoðana-skipta af hálfu unglunganna að fyrirlestri loknum. Þátttakendur greiða námskeiðsgjald. Ungmennin og aðstandendur þeirra sjá um að skipuleggja fermingarathöfn-

ina í samráði við undirbúningshóp. Öll ungmenni fædd 1977 og fyrr geta tekið þátt í námskeiðinu og síðan ákveðið hvort þau vilja fermast.

Áhugafólk um borgaralegar athafnir stofnaði í febrúar sl. með sér samtök sem nefnast Síðmennt og hafa þau veg og vanda að námskeiðshaldinu nú.

Vegna skipulagningarinnar er mikilvægt að fá sem fyrst nokkra mynd af þeim fjölda sem verður á námskeiðinu og því er þeim sem hafa áhuga eða vilja skrá sig bent á að hafa samband við Hope Knútsson sem einnig veitir nánari upplýsingar.

(Úr fréttatilkynningu frá Síðmennt.)